

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 69/2010

frá 11. júní 2010

um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) IV. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 140/2009 frá 4. desember 2009 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 106/2008 frá 15. janúar 2008 um áætlun Bandalagsins varðandi orkunýtnimerkingar á skrifstofubúnaði (endurútgefin) ⁽²⁾.
- 3) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 106/2008 fellur úr gildi tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2422/2001 ⁽³⁾ en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði IV. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Brotti falli texti 18. liðar (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2422/2001).
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 29. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/74/EB):

„30. **32008 R 0106**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 106/2008 frá 15. janúar 2008 um áætlun Bandalagsins varðandi orkunýtnimerkingar á skrifstofubúnaði (endurútgefin) (Stjtið. ESB L 39, 13.2.2008, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Allar vísanir í samninginn milli ríkisstjórnar Bandaríkja Norður-Ameríku og Evrópubandalagsins um samræmingu á áætlunum varðandi orkunýtnimerkingar á skrifstofubúnaði skal túlka sem þær feli í sér vísun

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 62, 11.3.2010, bls. 34, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 12, 11.3.2010, bls. 33.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 39, 13.2.2008, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 332, 15.12.2001, bls. 1.

til bréfaskipta milli Umhverfisstofnunar Bandaríkjanna (EPA) og olíu- og orkumálaráðuneytisins í Noregi, iðnaðarráðuneytisins á Íslandi og efnahagsráðuneytisins í Liechtenstein, nema í 11. og 14. gr. þar sem vísunin í fyrrnefndan samning gildir áfram.

- b) Í stað orðanna „Bandalagið hefur gert við þriðju lönd“ í 5. mgr. 4. gr. komi orðin „Bandalagið eða EFTA-ríkin hafa gert við þriðju lönd“. Í stað orðanna „Framkvæmdastjórninni eða aðildarríkjunum er heimilt“ komi orðin „Framkvæmdastjórninni eða aðildarríkjunum eða EFTA-ríkjunum, hverjum aðila á sínu valdsviði, er heimilt“.
- c) Í stað orðsins „Framkvæmdastjórnin“ í fyrsta málslíð 3. mgr. 12. gr. komi orðin „EFTA-ríkin og framkvæmdastjórnin, hver aðili á sínu valdsviði“.
- d) Ákvæði 13. gr. gilda ekki.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 106/2008, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 12. júní 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. júní 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

A. Seatter

formaður

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.